

## Almenningsálitið er ekki til

**Bókarhöfundur:** Pierre Bourdieu

**Bókarheiti:** Almenningsálitið er ekki til

**Ritstjóri:** Davíð Kristinsson (sem ritar inngang)

**Þýðendur:** Björn Þorsteinsson, Egill Arnarson, Gunnar Harðarson

**Gagnrýnandi:** Ólafur Þ. Harðarson

**Útgáfa:** Omdúrman/ReykjavíkurAkademían, Reykjavík 2007, 129 bls.

ALLIR ERU FÍFL (EÐA FANGAR) – NEMA ÉG!

Ég hlakkaði til að lesa þetta kver eftir Bourdieu, enda hef ég rannsakað lýðræði, kosningar og almenningsálit í þrjátíu ár og kennt námskeið um efnið. Hafði auk þess heyrt ýmsa tala um þennan Frakka af lotningu, en er lítt eða ekki kunnugur verkum hans, enda skólaður í engilsaxneskri hefð. Ekki hafði ég lengi lesið þegar í hugann kom: Þetta hef ég lesið áður! Hressileg aðkenning að desjavú.

Uppúr 1970 las ég tvo franska strúktúralíska marxista nokkuð vel (og var lengi að því), Althusser og Poulantzas. Þá voru þeir í tísku – seinna fór illa fyrir báðum en það skiptir ekki máli hér. Lesturinn á þeim tvímenningum reyndist mér afar gagnlegur. Ég lærði að tyrfinn texti þarf ekki endilega að segja mikið þegar hann hefur verið „afbyggður“. Ég lærði að nokkur virðing fyrir staðreyndum getur farið saman við kennilega kreddefestu: Ný-marxistarnir uppúr 1970 sögðu m.a. að það væri að vísu rétt að ýmis svið samfélagsins byggju við tiltekið sjálfstæði (relative autonomy), t.d. pólitíska sviðið og menningarsviðið. Samfélagið væri flóknara en svo að ríkisvaldið væri einbert framkvæmdaráð borgarastéttarinnar. En – og það var stórt en – samt væri það hagkerfið sem réði þegar allt kæmi til alls (determinant in the last instance). Þótt komið væri dálítið á móts við staðreyndir og gögn var áfram trúað á kredduna.

Flestar ályktanirnar sem ég dró af lestrinum á Althusser og Poulantzas fyrir þremur áratugum eiga líka við um Bourdieu – eða a.m.k. Bourdieu eins og hann birtist í þessu kveri. Bourdieu skrifar að vísu miklu lipurlegri og hvassari texta en Althusser og Poulantzas og setur mál sitt fram miklu skýrar en þeir (nema mér hafi farið fram í lestri). En kennilega hugsunin er um margt sú sama.

Í kverinu eru sjö stuttar greinar eftir Bourdieu um ýmis efni. Fjallað er listina og góðan og vandan smekk, almenningsálit, skoðanakannanir og lýðræði, fjölmiðla, siðferði í stjórnmálum og nýfrjálshyggju. Þó efnin séu fjölbreytt og umfjöllunin stuttaraleg einsog við er að búast í litlu kveri, tengir skýr þráður allar greinarnar saman. Heildarsýn Bourdieu kemur alls staðar fram – hann er sjálfum sér samkvæmur bæði um kreddur og mælskubrögð.

Kjarninn í hugsun Bourdieu er þessi: Einstaklingarnir í samfélaginu eru fangar félagsgerðarinnar. Félagsmótun og aðstæður ráða nánast öllu um líf þeirra og hegðun. Smekkur þeirra er framleiddur (bls. 33). „Alþýðustéttirnar eru ómeðvitaðar um hin sönnu gangvirki samfélagsins“ (bls. 73). Fjölmiðlamenn og háskólamenn eru upp til hópa fífl eða þjónar valdsins. Flestir eru fangar eða fífl – nema helst þeir sem ná tindi „hlutlægra félagsfræðilegra greininga“ (bls. 104) – greinilega Bourdieu sjálfur.

Ritstjóri kversins segir að í „huga Bourdieus var réttnefnd félagsfræði sambland af fagaðri kenningasmíð og empírískum rannsóknum“ (bls. 32). Hvorugt kemur að marki fram í kverinu. Varla er hægt að segja groddalegar fullyrðingar um félagsmótun og valdatengsl fagaða kenningasmíð og þótt Bourdieu viti greinilega ýmislegt um empírískar rannsóknir (og meira en þeir Althusser og Poulantzas) beitir hann þeim sparlega í kverinu og fer rangt með sumt.

Texti Bourdieu er fullyrðingasamur. Flestar fullyrðingar hans virðast fjögurra tegunda. Í fyrsta lagi eru almælt sannindi, a.m.k fyrir félagsvísindamenn sem hafa t.d. lesið einfaldar inngangsbækur í bandarískri félagsfræði. Dæmi um þetta er dálítið upphafin útlekking á því að félagsleg staða hafi áhrif á smekk einstaklinga. Bourdieu bendir á að smekkur einstaklinga mótist bæði af lærdómi („Listaverk hefur merkingu og gildi aðeins fyrir þann sem býr yfir lyklinum sem það er lykilað í“ (bls. 35)) og reynslu fólks í uppeldi. Þetta er auðvitað rétt, en ekki sérlega frumleg hugsun. Í öðru lagi fullyrðir Bourdieu ýmislegt sem virðist merkingarlaust í þeim skilningi að engin leið er að vita hvornig hann veit (og hann rökstyður það ekki). Þannig vefst ekki fyrir honum að tala um „lágkúrulegustu væntingarnar“ (bls. 49) eða um að tiltekinn misskilningur sé gerður „af heilindum“ (bls. 57). Í þriðja lagi fer hann stundum rangt með: Fullyrðingar hans um að ólíkir þjóðfélags hópar skynji pólitíska litrófið á „gjörólíkan hátt“ (bls. 68)

ganga gegn niðurstöðum fjölmargra rannsókna í mörgum stjórnkerfum á Vesturlöndum – auðvitað getur þetta verið með þeim hætti sem Bourdieu lýsir, en það er empírísk spurning og raunar eitt meginviðfang vestrænna kosningafræða. Bourdieu vísar í eina franska rannsókn sem hann telur að styðji þessa niðurstöðu sína, en getur að engu umfangsmikilla rannsókna sem benda í aðra átt. Í fjórða lagi hleypur Bourdieu oft frá almennum sannindum um félagslegar tilhneigingar (sem birtast í missterkum fylgnistuðlum) yfir í glannalegar og ofureinfaldaðar alhæfingar. Það að smekkur mótist bæði af lærdómi og uppeldi þýðir ekki að hann sé eingöngu (eða aðallega) framleiddur. Þó að fleiri menntamenn lesi Laxness en verkamenn (m.a. vegna lærdóms og uppeldis) má ekki gleyma því að töluverður hluti menntamanna les aldrei Laxness, en sumir verkamenn gera það. Hvernig stendur á því? Svárið er líklega það að mannheimurinn er ekki jafnvélgengur og Bourdieu vill vera láta (sbr. bls. 104-105).

Bourdieu er mjög bundinn frönskum heimildum og þegar hann vísar til rannsókna í öðrum löndum er það gjarnan afar yfirborðslegt. Þetta á t.d. við um umfjöllun hans um íhaldssemi alþýðustétta (bls. 70 o.áfr.). Hann bendir réttilega á að viðhorf til ákveðinna grunnþátta stjórnmála þurfi ekki að fara saman við grunnviðhorf til siðferðis og skammar t.d. Lipset fyrir að horfa fram hjá þessu. En hann getur þess að engu að um þetta má lesa í bandarískum inngangsbókum í stjórnmálafræði, þar sem tvívíð flokkunarkerfi hugmynda eru gjarnan byggð annars vegar á vinstri-hægri hugmyndum (sem Bandaríkjamenn kalla oft liberal-conservative) og hins vegar á siðferðilegum gildum.

Öll framangreind einkenni koma fram í grein Bourdieu um lýðræði, skoðanakannanir og almenningsálit, sem hann fullrýðir reyndar að sé ekki til. Hann ténir til ýmsar takmarkanir skoðanakannana: Flestar eru vel þekktar og ítarlega um þær fjallað í inngangsbókum um aðferðafræði félagsvísinda. Ábendingar um að niðurstöður kannana einsog þær birtast í fjölmiðlum (t.d. 60% Frakka eru fylgjandi ...) segi ekki alla söguna eru auðvitað réttar: En þetta á líka við um margar aðrar upplýsingar, t.d. segja tölur um verðbólgu ekki alla sögu um hagkerfið fremur en niðurstöður PISA segja alla sögu um menntakerfið. Almenn er það auðvitað rétt að fjölmiðlar ofureinfalda oft hlutina og sumir stjórnmálamenn (og fleiri) oftúlka og rangtúlka iðulega niðurstöður skoðanakannana, rétt eins og aðrar upplýsingar. En það eru ekki beinlínis fréttir.

Kjarni gagnrýni Bourdieu á skoðanakannanir er hins vegar annars eðlis: Hann virðist fyrirfara skoðanir almennings og aðallega telja að á þeim sé ekkert mark takandi. Í greininni dregur hann fram þrjár kreddur sem hann kallar: Að allir séu færir um að mynda sér skoðun, að allar skoðanir séu jafngildar, að sama spurningin sé lögð fyrir alla. Trú á þessar þrjár kreddur valdi alls konar ruglingi, þótt réttar aðferðafræði sé gætt (bls. 62). Um þetta má ýmislegt segja, sem ekki verður gert hér. Á hinn bóginn skal bent á að þessar þrjár „kreddur“ eru frumforsendur vestræna lýðræðisins. Í þjóðaratkvæðagreiðslum og kosningum er sama spurningin lögð fyrir alla (Á Ísland að ganga í ESB eða ekki? Hvaða flokk eða frambjóðanda viltu kjósa?), öll svör eru jafngild (einn maður, eitt atkvæði) og gengið er út frá því að allir geti myndað sér skoðun (eða eigi a.m.k. rétt á að kjósa, jafnvel þó að þeir hafi kannski ekki myndað sér vel grundaða skoðun – ekki hefur mér vitanlega tíðkast að prófa kjósendur fyrir kosningar síðan lestrarpróf fyrir svertingja voru aflögð í Suðurríkjunum). Ef almenningsálit er ekki til getur það hvorki birst í skoðanakönnunum né kosningum. Það hefði verið hreinlega af Bourdieu að ráðast beint að lýðræðisyrirkomulagi Vesturlanda, frekar en að gera það undir rós með því að þykjast ráðast á skoðanakannanir.

Skemmtilegustu kaflarnir í þessu kveri þóttu mér þeir um listina – það efni þekki ég minnst. Verstir þóttu mér kaflarnir sem fjalla um það sem ég þekki skást: Lýðræði, fjölmiðla og nýfrjálshyggju. Síðastnefndi kaflinn framkallaði öflugt desjavú: Hann er að orðfæri og inntaki nánast alveg einsog skrif Einars Olgeirssonar í Rétti áratugum saman. Og álíka meinlaus. Til að gagnrýni geti verið beitt þarf hún að vera öguð. Félagsvísindin færa mönnum tæki til slíkrar gagnrýni. En þeim er ekki beitt hér.

Ritstjóri kversins, Davíð Kristinsson, ritar greinargóðan inngang um Bourdieu. Hann segir frá lykilhugtökum hans á borð við habitus og efnahagslegan auð, félagsauð, táknrænan auð og menningarauð. Umfjöllunin er þó að hætti Bourdieu bundin við franskt-íslenskt eldhús. Ekki er greint frá alþekktum hugmyndum af sama toga í engilsaxneskum félagsvísindum, t.d. um sub-cultures, eða fræg skrif Putnams um félagsauð. Davíð bendir á að íslenskir fræðimenn hafa unnið með hugmyndir Bourdieu í empírískum rannsóknum. Hins vegar er ekki nefnt að áður hafði Þorbjörn Broddason fjallað um tengsl félagslegra þátta og leikhússóknar og Gísli Pálsson skrifaði um stéttbundið málfar og „þágufallssýki“ fyrir margt löngu. Hvorutveggja eru dæmigerðar rannsóknir í hefðbundinni engilsaxneski félagsfræði.

Í inngangnum kemur fram að mikilvæg ástæða þess að Bourdieu hafi á sínum tíma snúist frá heimspeki til félagsvísinda hafi verið „hrokinn sem honum fannst einkenna heimspekina“ (bls. 17). Hvernig eru þá frönsku heimspekingarnir? Fyrir minn smekk hefði Bourdieu betur skrifað af minni hroka og af meiri virðingu fyrir félagsvísindum og aðferðum þeirra. En kannski er frönsk umræðuhefð ástæða þess hvernig hann skrifar. Ritstjórnin segir t.d.: „Smekkur er gjarnan álitinn vera alfarið einstaklingsbundið fyrirbæri“ (bls. 44). Þetta á kannski við einhvers staðar. Ég þekki hins vegar engan félagsvísindamann síðustu áratugi (a.m.k. ekki engilsaxneskan) sem hefur látið sér detta þetta í hug.

Karl Marx skrifaði fyrir margt löngu: „Mennirnir skapa sjálfir sögu sína, en þeir skapa hana ekki að vild sinni, ekki við skilyrði sem þeir hafa sjálfir valið, heldur við þau skilyrði sem þeir hitta fyrir sér, þeim eru fengin, þeir hljóta í arf. Arfur allra liðinna kynslóða hvílir sem farg á heila lífenda“ (Úrvalsrit II, bls. 119). Þessi almenna hugsun um að maðurinn sé bæði skapandi og háður umhverfi sínu varð meginstef félagsvísinda á 20. öld. Empírískar rannsóknir hjálpa okkur við að ákvarða hvernig blandan er á mismunandi tímum og í mismunandi samfélögum. Helsti gallinn við kennilega hugsun Bourdieu er sá að hann virðist hafa gleymt fyrripartinum í þessum orðum Marx.

Frágangur á kveri Bourdieu er til fyrirmyndar og vel er þýtt. Mikill fengur er að þessu kveri á íslensku, þótt kannski geri það Bourdieu ekki alveg rétt til – vonandi er meira hryggjarstykki í fræðilegri verkum hans. Ég vona að kverið reynist ungum áhugamönnum um félagsvísindi jafngagnlegt og þeir Althusser og Poulantzas reyndust mér (í enskum þýðingum) fyrir rúmum þrjátíu árum.